



## Stjórn SSH 425. fundur

Mánudaginn 11. janúar 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

Forföll: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

### 1. Tekjustofna sveitarfélaga – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 – (Sérstakt framlag úr jöfnunarsjóði)

Fundinn sátu undir þessum dagskrálið Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH um málið, auk umsagna Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19. nóvember og 4. desember 2015.

Umræður

#### Niðurstaða

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fagnar fram komnu frumvarpi og þeim áformum sem þar er að finna til að bæta sveitarfélögum upp þann tekjumissi sem þau ella yrðu fyrir vegna þess skattleysis af séreignarsparnaði einstaklinga sem nýttur er í tengslum við skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarnar innar.

Í frumvarpinu felast áform um einskiftisaðgerð til að bæta sveitarfélögum landsins upp það tekjutap sem þau ella yrðu fyrir vegna skattfrelsis ráðstöfunar séreignarsparnaðar einstaklinga í tengslum við skuldaleiðréttigar ríkisstjórnarnarinnar. Þessir fjármunir eru því ekki hugsaðir sem hluti af almennu ráðstöfunarfé Jöfunarsjóðs sveitarfélaga.

Það er mat stjórnar SSH að þær forsendur sem í frumvarpinu er að finna um skiptingu áætlaðra fjármuna milli sveitarfélaga landsins séu rökréttar og sanngjarnar, þó svo að tiltekin rök hnigi til þess að mögulegt tekjutap sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu geti verið hlutfallslegra herra en skiptihlutfall frumvarpsins endurspeglar.

Í ljósi viðhorfa sem hafa komið fram við umfjöllun um skiptinguna frá einstaka sveitarstjórnum og sveitarstjórnarmönnum, þá telur stjórn SSH óhjákvæmilegt annað en að andmæla kröftuglega öllum þeim hugmyndum sem fram hafa verið settar um að fella þessar tilteknu sértekjur undir almennar úthlutunarreglugr jöfnunarsjóðs með þeiri niðurstöðu að um 93 – 94% þessara sértekna fær til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrir slíku finnast engin rök, þar sem þessum tekjum er ætlað að bæta öllum sveitarfélögum landsins upp sérstakan tekjumissi vegna sérstakra aðgerða í tengslum við skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarnarinnar. Tekjutap sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallslega síst minna en sveitarfélaganna utan þess.



Stjórnarmenn voru sammála um að sveitarfélögin þurfi í sameiningu að búa sig undir frekari viðræður við Vegagerðina í þessu máli.

Framkvæmdastjóra falið að draga saman gögn og upplýsingar vegna þessa undirbúnings, m.a. með uppfærslu á eldri gögnum og kostnaðarútreikningum.

## 5. Önnur mál

### a) Virðisaukaskattur vegna aksturs verktaka fyrir Strætó bs.

Fyrir lá minnisblað Ríkisskattstjóra vegna málsins dags. 10. desember 2015.

### b) Kjarasamningar sveitarfélöganna

Samþykkt að óska eftir því að framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og forstöðumaður kjarasviðs Sambandsins mæti á næsta stjórnarfund til yfirferðar yfir kjarasamninga sveitarfélöganna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.